

Lyfjaheildsölum er jafnframt heimilt að selja dýralæknum dýralyf til notkunar á eigin stofum eða í vitjunum og til sölu frá starfsstofu sinni. Ráðherra skal, í samráði við yfirdýralækni, setja reglugerð þar sem kveðið er á um hvaða lyf dýralæknar mega selja og hvaða lyf þeir mega eingöngu sjálfir gefa dýrum. Jafnframt skal þar kveðið á um hvaða upplýsingar skuli fylgja lyfjum sem gefin eru dýrum hverra afurðir eru ætlaðar til manneldis og hvaða skýrslur ber að halda um sölu dýralyfja, sbr. 24. gr.

4. gr.

Við 39. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Lyfjaverðsnefnd ákvarðar verðlagningu dýralyfja sem seld eru án lyfseðils, sbr. 40. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Lyfjaverðsnefnd ákvarðar hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum og öllum dýralyfjum í heildsölu og smásölu.

b. Í stað orðanna „þóknun til dýralækna“ í 5. másl. 3. mgr. kemur: hámarksverð á dýralyfjum í smásölu.

c. Við síðari málslíð 4. mgr. bætist: og allra dýralyfja.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fer til útlanda laugardaginn 3. desember nk. Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 2. desember 1994.

Friðrik Sophusson.

Kristján Andri Stefánsson.